

373. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 29. apríl 2025 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs og Helga Þórðardóttir lögfræðingur ÍSÍ.

Microsoft Teams: Daníel Jakobsson og Garðar Svansson.

Forföll: Elsa Nielsen.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni á skrifstofu ÍSÍ, sbr. samantekt skrifstofu sem fylgdi fundargögnum.

-Samantekt frá svæðisstöðvum

Lögð fram stöðuskýrsla frá svæðisstöðvunum og yfirlit yfir verkefni þeirra.

2. Afreksíþróttir

Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ, Kristín Birna Ólafsdóttir sérfræðingur á Afrekssviði og Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri komu inn á fundinn.

- *Formleg opnun Afreksmiðstöðvar Íslands, 5. maí.*

Afreksmiðstöð Íslands (AMÍ) verður formlega opnuð í Laugardalshöll 5. maí nk. að viðstöddum fjölmörgum boðsgestum. Þar verður lógó AMÍ kynnt, farið yfir mönnun og fyrirkomulag og þær breytingar sem verða á málefnum afreksíþróttar við opnun AMÍ.

- *AMÍ, fyrirkomulag og mönnun*

Framkvæmdastjóri fór yfir þær breytingar sem verða á skipulag á afrekssviði. Afrekssvið ÍSÍ mun renna inn í AMÍ og starfsfólk sviðsins verður starfsfólk AMÍ. Vésteinn Hafsteinsson, sem hættir hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu á morgun, stígur einnig úr embætti afreksstjóra ÍSÍ, að eigin ósk, og Kristín Birna mun taka við keflinu. Hún hefur fylgt Vésteini þétt eftir frá því hann hóf störf og er inni í öllum málum. Vésteinn verður áfram ráðgjafi við AMÍ.

Verið er að ganga frá ráðningum fagaðila sem tilkynnt verður um á opnuninni. Umræður urðu um málið og var lögð áherlsa á að fyrir liggi eins skýrar starfslýsingar fyrir öll störf sem ráðið verður til og unnt er með verkefni sem er í mótn.

- *Kostnaðarþátttaka ungmenna – drög að reglugerð og viðmiðum*

Kári Steinn fór yfir drög að kostnaðarþátttöku ungmenna, reglugerð og viðmið.

Nokkrar umræður urðu um drögin. Þau verða lagfærð á milli funda með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu. Stefnt er að því að taka málið til afgreiðslu á fundi framkvæmdastjórnar 15. maí nk.

Vésteinn þakkaði forseta og fráfaramandi stjórnarfólki kærlega fyrir samstarfið á tímabilinu. Fundarmenn þökkðu Vésteini fyrir hans miklu og góðu störf í starfi afreksstjóra ÍSÍ. Kristín Birna þakkaði traustið með ráðningu hennar í stöðu afreksstjóra. Hún sagði ferlið síðustu tvö árin hafa verið ævintýrlegt og spennandi.

Vésteinn, Kristín Birna og Kári Steinn véku af fundi.

3. Íþróttaping ÍSÍ

Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá og fyrirkomulag þingsins.

- *Tillögur sambandsaðila:*

Fjórtán tillögur bárust frá sambandsaðilum.

- *Tillögur framkvæmdastjórnar ÍSÍ*

Helga Þórðardóttir lögfræðingur fór yfir útfærslur af breytingum á nokkrum lagaákvæðum, sbr. minnisblað sem lá fyrir í fundargögnum. Framkvæmdastjórn kom sér saman um þær leiðir sem lagðar verða til í tillögum stjórnar til breytinga á lögum ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að tillögum framkvæmdastjórnar ÍSÍ til þingsins og voru þau samþykkt. Samtals verða 15 tillögur lagðar fram í nafni framkvæmdastjórnar.

- *Framboð*

Fimm framboð bárust til forseta ÍSÍ. Eftirtaldin bjóða sig fram:

Brynjar Karl Sigurðsson

Magnús Ragnarsson

Olga Bjarnadóttir

Valdimar Leó Friðriksson

Níu framboð bárust til sjö sæta í framkvæmdastjórn. Eftirtalin bjóða sig fram:

Ásmundur Friðriksson

Heimir Örn Árnason

Kári Mímisson,

Sigurjón Sigurðsson

Trausti Gylfason

Tryggvi M. Þórðarson

Viðar Garðarsson

Þórdís Anna Gylfadóttir

Þórey Edda Elisdóttir

Kallað verður eftir kynningarefni og mynd frá þeim öllum til að birta á þingsíðunni á heimasíðu ÍSÍ. Samþykkt að frambjóðendur til forseta fái fimm mínútur í pontu 16. maí til að kynna sig og frambjóðendur til stjórnar fái þrjár mínútur í pontu til kynningar beint í kjölfar þeirra.

4. Nefndir EOC

Nefndir EOC, sem starfa á milli ársþinga eru tíu talsins:

Medical & Antidoping Commission

EYOF Commission

EU and International Relations Commission

Culture and Education Commission

Gender Equality and Inclusion Commission

Óskað hefur verið eftir tilnefningum frá Ólympíunefndum í Evrópu í nefndirnar.
Samþykkt að tilnefna Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur til áframhaldandi starfa í EOC Gender Equality and Inclusion Commission.

Líney Rut Halldórsdóttir, stjórnarmeðlimur í EOC, hefur verið formaður EOC EYOF Commission undanfarin ár og er gert ráð fyrir því að hún haldi því embætti áfram þar sem hún var endurkjörin í stjórn EOC.

5. Skýrsla samskiptaráðgjafa

Forseti fór yfir málið og vísaði til aukafundar framkvæmdastjórnar um álitid 22. apríl sl.

6. Ályktun kvennalandslíðs HSÍ vegna þátttöku Ísrael

Lögð fram ályktun kvennalandslíðs HSÍ vegna þátttöku Ísrael í HM undankeppni í handknattleik.

Í ályktuninni kemur fram ósk um að ÍSÍ komi reynslu af þessum viðburði á framfæri við viðeigandi alþjóðasambönd. Umræður urðu um málið.

Skrifstofu falið að gera drög að svari til HSÍ vegna málsins með hliðsjón af umræðum.

7. Frá ársþingum sambandsaðila

Lagðar fram þakkir til ÍSÍ, frá ársþingum HSH og UDN, um gott samstarf og fyrir vel unnin störf á árinu 2024.

8. Heiðranir

Rafræn samþykkt um heiðranir á ársþingi USÚ hér með formlega staðfest í fundargerð:

- *USÚ*

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, fráfarandi formaður - Gullmerki ÍSÍ

Gunnar Ingi Valgeirsson - Silfurmerki ÍSÍ

- *Heiðranir á Íþróttapíngi*

Fundargerð Heiðursráðs lögð fram. Tillögur Heiðursráðs, sbr. fundargerð, um kjör Heiðursfélaga ÍSÍ samþykkt samhljóða. Kjörinu verður lýst við þingsetningu Íþróttapíngsins.

Tillögur um aðrar heiðranir á Íþróttapíngi einnig samþykktar og skráðar í trúnaðarbók.

9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og samþykktar.

- 370., 371. og 372. fundargerð framkvæmdastjórnar
- Fundar Heiðursráðs ÍSÍ frá 21. febrúar sl.
- Laganefndar frá 23. apríl sl. + minnisblað. **Tillögur laganefndar að afgreiðslu mála staðfestar.**
- Ársskýrslur Afrekssjóðs ÍSÍ, 202, 2022 og 2023

10. Næstu fundir

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 15. maí nk. Aukafundur verður um

Aðrir fundir hafa ekki verið ákveðnir en gert er ráð fyrir því að fundur verði haldinn mjög fljótlega eftir Íþróttaping til að skipa í embætti stjórnar og helstu nefndir og ráð.

11. Önnur mál

- *Staða hnefaleikaíþróttarinnar*

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að IOC hafi nú samþykkt að setja hnefaleika á dagskrá Ólympíuleikanna í LA 2028. IOC hefur staðfest World Boxing sem alþjóðasamband hnefaleika a.m.k. kosti fram yfir leikana í LA.

Evrópska hnefaleikasambandið var nýverið stofnað og er Almar Ögmundsson fyrrverandi formaður HNÍ einn af varaforsetum þess.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.